



### 304. Stjórnarfundur haldinn 17. janúar 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

#### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá: Birgi Má Bragasyni formanni körfuknattleiksdeildar félagsins v/leyfi til að kalla íþróttasalinn á Sunnubraut Toyotahöllina og gera samning við Toyota þess efnis. **Aðalstjórn gerir ekki athugasemdir og heimilar deildinni að gera samning.**

#### 3. Send bréf.

Engin.

#### 4. Aðalfundir deilda og félagsins.

Auglýsing birtist í Víkurfréttum í dag 17. janúar 2008 og á heimasíðu félagsins. EH hvetur stjórnarmenn til að mæta á aðalfundi deilda.

#### 5. Önnur mál.

2. stjórnarfundur UMFÍ var haldinn á Akureyri 11. – 13. janúar. Á fundinum var meðal annars skipað í nefndir. Nefndir á vegum UMFÍ sem okkar fólk á sæti í. EH er í fimm nefndum en þær eru **framkvæmdastjórn, fræðslusjóður, Prastarskógarnefnd, laganefnd og hlutverk sambandsaðila**. EH er formaður í Prastarskógarnefnd og laganefnd. KG er í **forvarnarnefnd**. Dröfn Rafnsdóttir í **átak um þátttöku fólks af erlendum uppruna**.

EH ásamt Friðriki R. Friðrikssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar, Ólafi Bjarnasyni stjórnarmanni knattspyrnudeildar og Birgi Má Bragasyni formanni körfuknattleiksdeildar sátu námskeið um samningatækni sem haldið var 15. janúar í fundarsal ÍSÍ. **Ákveðið að aðalstjórn greiði námskeiði fyrir þessa aðila.**

Unnið er að slá inn bókhaldi fyrir deildir þessa daganna.

Búið að senda út launamiða en þeir voru um og yfir 70, einnig að senda í ábyrgðarpósti launaframtal allra deilda og félagsins sem keyrð voru í gengum okkar launakerfi til Skattstofu Reykjanesumdæmis.

Þrír sundmenn sunddeildar Keflavíkur fengu styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ en það eru þau Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Soffía Klemezdóttir og Jóna Helena Bjarnadóttir

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 31. janúar 2008. kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

